

BORGARRÁÐ 4. apríl 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um úttekt á Gröndalshúsi - R19010187

Spurt er þá hvort eftirfarandi frétt sem birtist í visi.is 15.12.2018 sé röng? En í henni segir: Mygla í nokkurra ára gamalli þakklæðningu, óþéttir útveggir, laust gler í gluggum og mikil vinna við að endurnýta innanhússklæðingu er allt meðal skýringa á því hvers vegna framkvæmdir á Gröndalshúsi í Reykjavík spóluðu nær 200 milljónir fram úr áætlun. Segir enn fremur í fréttinni að þetta hafi komið fram í svari skrifstofu eigna og atvinnuþróunar við fyrirspurn um kostnað við endurbæturnar. Bent er á upphafleg fjárhagsáætlun hafi hljóðað upp á 40 milljónir en verkið hafi að endingu kostað borgina 238 milljónir.